

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: [umsagnir@althingi.is](mailto:umsagnir@althingi.is)

Reykjavík, 3. desember 2025

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum. Þingskjal 294 – 231. mál.**

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu (hér eftir „SFF“ eða „samtökin“) vísa til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna stafrænnar og rafrænnar málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum með það að markmiði að taka skref í átt að stafrænum og rafrænum lausnum við meðferð mála hjá sýslumönnum og dómstólum.

Vísað er til umsagnar SFF um drög að frumvarpinu sem samtökin skiluðu í samráðsgátt í september sl.<sup>1</sup> Í umsögninni **lýstu samtökin ánægju með áform um aukna tilfærslu málsmeðferðar hjá sýslumönnum og dómstólum yfir á rafrænt form og bentu á mikilvægi þess að slíkt umbótaferli yrði klárað sem fyrst**, enda hefði það að líkindum í för með sér lækkun kostnaðar og skilvirkari þjónustu. SFF gerðu athugasemdir við þau atriði frumvarpsins sem samtökin töldu þarfnast endurskoðunar, en aðeins var tekið mið af tillögum samtakanna að takmörkuðu leyti.

#### **I. Miðlun gagna á rafrænu eða stafrænu formi**

SFF ítreka umfjöllun úr fyrri umsögn hvað varðar reglugerð (ESB) nr. 910/2014 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti á innri markaðnum (eIDAS), sem veitt var lagagildi með lögum nr. 55/2019. Greint var frá 25. gr. reglugerðarinnar er kveður á um að **fullgild rafræn undirskrift skuli hafa sömu réttaráhrif og eiginhandarundirskrift og að ekki skuli hafna því að gagn með slíkri undirskrift hafi gildi sem sönnunargagn við rekstur máls sökum rafræns forms**. Sömu sjónarmið gilda um **heilleika og uppruna gagna sem fullgilt, rafrænt innsigli tengist samkvæmt 35. gr. eIDAS**. Samtökin bentu jafnframt á að gagn, undirritað með rafrænni undirskrift væri eingöngu til á rafrænu formi og því væri ekki „frumriti“ (á pappírsformi) til að dreifa. Af þeim sökum lögðu samtökin til að svohljóðandi málslið yrði bætt við tillögur í greinum 1, 3, 22, 38 og 51 frumvarpsins: „**Gagn samkvæmt framangreindu skal talið jafngilda frumriti ef gagnið hefur verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsiglað með fullgildu rafrænu innsigli, sbr. lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.**“

---

<sup>1</sup> Sjá umsögn SFF um málið [hér](#).

Í nýjustu útgáfu frumvarpsins hefur ekki verið tekið tillit til þessarar tillögu. Í greinargerð með frumvarpinu er aftur á móti komin fram eftirfarandi skýring í kafla 3.1: „Viðskiptabréf eða veðskuldabréf í skilningi framangreindra ákvæða, sem eru undirrituð með fullgildri rafrænni undirritun eða innsiglið, í samræmi við þær kröfur sem gilda samkvæmt lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, teljast ekki frumrit. Viðskiptabréf og veðskuldabréf þurfa af þeirri ástæðu áfram að vera á pappírsformi og berast sýslumanni.“ Þá er komin inn í greinargerðina eftirfarandi skýring við 1., 2. og 43. gr. frumvarpsins: „... er gert ráð fyrir að sýslumaður krefjist aðeins frumrits gagna í undantekningartilvikum þegar slíkt er metið nauðsynlegt, svo sem vegna sönnunar á þeim réttindum sem málið varðar“.

Höfundar frumvarpsins virðast hafa bætt skýringum þessum við frumvarpið í þeim tilgangi að gera ljóst að einungis viðskiptabréf og veðskuldabréf þurfi að berast á pappírsformi í skilningi greina 1, 2, 17, og 43 í frumvarpinu, en að öll önnur gögn geti borist á rafrænu formi. Það virðist því hægt að gera ráð fyrir að önnur gögn en viðskiptabréf og veðskuldabréf skuli talin jafngild frumriti ef þau hafa verið undirrituð með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsiglið með fullgildu rafrænu innsigli. Sé ætlunin að gera þennan greinarmun á viðskiptabréfum og öðrum gögnum þykir SFF mikilvægt að slíkt sé gert á skýran hátt. SFF leggja því til að við greinar 1, 2, 17, og 43 í frumvarpinu verði bætt nýjum, svohljóðandi málslið: „**Gagn samkvæmt framangreindu, annað en viðskiptabréf eða veðskuldabréf, skal talið jafngilda frumriti ef gagnið hefur verið undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift eða innsiglað með fullgildu rafrænu innsigli, sbr. lög nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.**“

Jafnframt er bent á að til greina komi að gera sambærilega breytingu á 1. tölul. a-liðar 1. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í greinargerð með frumvarpinu var vísað til athugasemda úr umsögn SFF um að mikilvægt væri að taka af tvímæli um að **skjöl undirrituð fullgildri rafrænni undirritun teldust frumrit í skilningi viðkomandi laga**, sem og að rétt væri að veita einkaaðilum heimild til að birta gögn, sér í lagi greiðsluáskoranir, í stafrænu pósthólfi. Ekki var fallist á sjónarmið samtakanna. **Ítreka samtökin athugasemdir sínar og benda á að mikilvægt sé að hafa þessa þætti í huga til að samræmis gæti milli gildandi löggjafar hér á landi, erlendra laga og þeirra öryggiskrafna sem þegar eru til staðar.**

Í greinargerð með frumvarpinu er að finna eftirfarandi umfjöllun:

Lagt er til að sýslumaður geti ákveðið að frumrit gagns verði lagt fram telji hann það nauðsynlegt, svo sem fyrir sönnunarfærslu í máli. Í því sambandi er áfram gert ráð fyrir því að frumrit viðskiptabréfs fylgi aðfararbeiðni í þeim tilvikum þar sem það er áskilið í 2. mgr. 10. gr. laga um aðfor, eða berist sýslumanni án ástæðulauss dráttar og eigi síðar en viku eftir að aðfararbeiðni er móttækin af sýslumanni. Aðfararbeiðni telst móttækin skv. 18. gr. laganna þegar frumrit viðskiptabréfs á pappírsformi berst sýslumanni og berist frumritið ekki innan frestsins, ber sýslumanni að endursenda beiðnina í samræmi við fyrirmæli 2. mgr. 17. gr. laganna. Í tilfelli laga um nauðungarsölu er áfram gert ráð fyrir að sýslumaður krefjist frumrits veðskuldabréfs, ekki síðar en þegar salan fer fram, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 2. tölul. 2. mgr. 15. gr. laganna. Viðskiptabréf eða veðskuldabréf í skilningi framangreindra ákvæða, sem eru undirrituð með fullgildri rafrænni undirritun eða innsiglið, í samræmi við þær kröfur sem gilda samkvæmt lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti, teljast ekki frumrit. Viðskiptabréf og veðskuldabréf þurfa af þeirri ástæðu áfram að vera á pappírsformi og berast sýslumanni.

Samtökin hafa lýst áhyggjum sínum af því að efasemdaraddir vakni við framlagningu umræddra gagna á rafrænu formi. SFF þykir mikilvægt að unnt sé að leggja fram gögn á rafrænum formi án þess að vafi leiki á um uppruna þeirra og vísa til ábendingar úr fyrri umsögn þar sem samtökin bentu á leiðir sem færar eru til framlagningar á umræddum gögnum án þess að stefna heilleika þeirra í hættu. SFF ítreka sérstaklega þau sjónarmið sem fram koma í umsögn samtakanna um

Þá verulegu hagsmuni sem atvinnulífið hefur af því að innleiðing rafrænna skuldaskjala nái fram að ganga. Það hagræði sem vænst er af rafrænni og stafrænni málsmeðferð verður ekki tryggt nema skrefið verði tekið í heild sinni og full rafræn útgáfa veðlana verði að veruleika. Nánari umfjöllun er að finna í kafla III hér á eftir.

## **II. Birting gagna í stafrænu pósthólf**

Í samráði um málið var ekki fallist á tillögu SFF um að heimila einkaaðilum að senda eða birta gögn í gegnum stafrænt pósthólf, en líkt og bent var á í umsögninni telja samtökin sömu hagkvæmnissjónarmið búa að baki afhendingu gagna í gegnum stafrænt pósthólf, hvort sem sendandi er opinber- eða einkaaðili. Samtökin lögðu aukinheldur til að mælt yrði fyrir um annan möguleika til birtinga á greiðsluáskorunum ef ákveðið yrði að taka ekki mið af tillögu SFF um að heimila einkaaðilum að birta gögn í gegnum stafrænt pósthólf. Samtökin telja sérstaklega aðkallandi að einkaaðilum verði fært að birta greiðsluáskoranir með stafrænum hætti, sér í lagi gagnvart aðilum sem eru t.a.m. óstaðfestir í hús eða með óþekkt heimilisfang erlendis. SFF lögðu til að birta mætti greiðsluáskoranir í Lögbirtingablaði í slíkum tilvikum, enda væri sá birtingarmáti þegar mögulegur fyrir stefnur í einkamálum skv. 83. gr. laga um meðferð einkamála.

Í greinargerð með frumvarpi kemur fram að ekki verði lagðar til breytingar á afhendingarmáta gagna sem stafa frá einkaaðilum, svo sem greiðsluáskorunum, enda væru þær birtar af gerðarbeiðanda án atbeina sýslumanns. **Samtökin ítreka framkomnar tillögur og telja mikilvægt að atvinnulífið dragist ekki aftur úr í stafræðingu, enda verið leiðandi í stafrænum leiðum og lausnum um árabíl.**

## **III. Önnur leið að sama markmiði - Rafrænar skuldaviðurkenningar**

Í fyrri umsögn bentu SFF jafnframt á mikilvægt tækifæri til umbóta sem vinna mætti að samhliða frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar. Með því væri að öllum líkindum unnt að ná fram frekari hagræðingu, skilvirkni, lækkun kostnaðar og bættri þjónustu við almenning og fyrirtæki í landinu. SFF hafa áður, eða allt frá 2016 (sjá m.a. umsögn frá því í [janúar 2025](#)) bent á að verkefnið um rafrænar þinglýsingar hafi ekki verið fullklárað og því hafi tilætlaður árangur ekki náðst við hagræðingu, skilvirkniaukningu og kostnaðarlækkun.

Dráttur á umræddum lagabreytingum hefur ýmislegt óhagræði í för með sér. Í dæmaskyni má nefna að dráttur á lagabreytingum hefur leitt til þess að nú búa lánveitendur og lántakar við tvöfalt kerfi þ.e. að undirrita þarf skuldabréf á pappír með gamla laginu til þess að lánveitandi geti notið hefðbundins lagalegs hagræðis sem tíðkast vegna skuldabréfa (bein aðfararheimild, bein uppboðsheimild o.fl.) þrátt fyrir að þinglýsingin fari fram með rafrænum hætti. Tilganginum verður ekki náð fram fyrir en ferlið verður rafrænt frá upphafi til enda.

Ávinningur af því að klára umrædda réttarbót er t.d. aukið hagræði fyrir lántakendur, stytting biðtíma, réttaröryggi, traust og samfella (sjá frekari umfjöllun og ítarlegri greiningu í [umsögn SFF í samráðsgátt](#)).

Þrátt fyrir að rafrænar skuldarviðurkenningar heyri almennt ekki undir dómsmálaráðuneytið, leggja samtökin til annan möguleika, sem felst í að breyta lögum sem heyra undir dómsmálaráðuneytið, með það fyrir augum að ná sama markmiði – þ.e. **að hægt verði að ljúka lántökufjerli sem þarfnast þinglýsinga, að öllu leyti með rafrænum hætti.**<sup>2</sup> SFF ítreka að þetta er mikið hagsmunamál fyrir fólkið í landinu og atvinnulífið.

Samtökin eru tilbúin til að gera nánar grein fyrir umsögn sinni verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f. h. Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu,



Íris Björk Hreinsdóttir, yfirlögfræðingur

---

<sup>2</sup> Ítarlega er farið yfir þessa leið og fordæmi sem líta má til í umsögn SFF í samráðsgátt, en þar að auki er vísað til fyrri umsagna samtakanna frá 11. september 2025 og 20. nóvember 2023. Jafnframt er vert að líta til greina sem samtökin hafa birt og sjá má hér, hér, hér, hér og hér.